

ÁRSSKÝRSLA 2024



Rauði krossinn
höfuðborgarsvæðinu

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3-4
Sjálfboðaliðar ársins	5-6
Skaðaminnkun	
Frú Ragnheiður	7-11
Ylja - Neyslurými	12-16
Fólk á flóttu	
Áherslur	17-18
Félagsstarf fyrir umsækjendur um vernd og flóttafólk	18-19
Leiklistarklúbbur	20
InterAct	21-22
Leiðsöguvinir	23
Tölum saman	24
Hópastarf á Suður- og Vesturlandi	24
Fjölskyldusameiningar og leitarbeiðnir	25
Vinaverkefni	
Félagsleg verkefni Rauða krossins	26-28
Eftirfylgd og stuðningur við sjálfboðaliða og gestgjafa	28-29
Sýnileiki verkefnis og samstarf	29-31
Aðstoð eftir afplánun	32-34
Kvennadeildin	35-36
Föt sem framlag	37
Stjórn og starfsfólk	38-39

ÁVARP FORMANNS

Höfuðborgardeildar Rauða krossins

Ný deild Rauða krossins á Höfuðborgarsvæðinu varð til árið 2024 með sameiningu Reykjavíkurdeildar og deildar Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar. Báðar deildir bjuggu yfir rótgróinni sögu, þekkingu og fyrst og síðast mannauði og mikið verk hefur því unnist við sameininguna.

Ber að þakka sjálfboðaliðum öllum, hvar sem þau starfa innan deildarinnar með Rauða kross hugsjónina í fyrirrúmi; mannúðina, sérstaklega fyrir þeirra störf. Án þeirra væru verkefni deildarinnar ómöguleg. Einnig ber að þakka starfsfólki deildarinnar sem stýra verkefnunum af sinni einstöku fagmennsku, hugsjón og baráttuvilja, sem og auðvitað öllum styrktaraðilum og einstaklingum.

Verkefni höfuðborgardeildar eru fjölbreytt og enn fjölbreyttari, eðli málsins samkvæmt, eftir sameininguna



Fanney Birna Jónsdóttir formaður.

Skaðaminnkunarverkefni höfuðborgardeildar voru mikil og krefjandi. Ylja opnaði aftur eftir langa bið, nú í nýju húsnæði við Borgartún. Þar geta notendur fíkniefna neytt þeirra í öruggu rými undir leiðsögn frá heilbrigðismenntuðum aðilum. Móttökurnar hafa verið fram úr björtustu vonum og oft og ítrekað fullt út úr dyrum. Frú Ragnheiður hélt uppi fullri þjónustu allt árið, og hvert metið af öðru slegið í komum, förgun búnaðar og öðru og ljóst að þörfin er enn eins brýn og verið hefur.

Flóttamannamál halda áfram að taka sitt pláss í opinberru umræðu og oft verður sú umræða hvorki fögur né réttlát. Þjónusta fyrir bæði flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd er afar stór hluti af verkefnum höfuðborgardeildar. Rauði krossinn gerði á árinu stóra samninga við bæði Vinnumálastofnun og Félagsmálaráðuneytið um félagslegan stuðning við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Mikill fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sáu um að halda ótrúlegan fjölda af viðburðum sem hafa verið vel sóttir. Verkefnin Tölum saman og Leiðsöguvinir eru rótgróin verkefni sem skila sjálfboðaliðum jafnt sem þjónustuþegum miklu. Interact, sem sett var á



Ávarp formanns, framhald

laggirnar sem nýsköpunarverkefni af Reykjavíkurborg í fyrra, hefur fest sig í sessi, en þar eru flóttamenn virkjaðir sem sjálfboðaliðar.

Þá hafa vinaverkefnin svokölluðu, þeas verkefni sem snúa að heilbrigði og velferð innan samfélagsins, ávallt sinn sess. Félagslegu verkefnin okkar miða að því að styrkja og efla félagslega þátttöku einstaklinga og hópa. Unnið er út frá þörfum notenda hverju sinni og reynt að mæta óskum eins og kostur er. Því eru útfærslur fjölbreyttar og er þátttaka t.d. í formi heimsóknna, göngu- eða ökuferða og símtala. Eins hefur verkefnið Aðstoð eftir afplánun fyrir löngu sannað mikilvægi sitt og er ætlað fólki sem hefur lokið afplánun eða er í afplánun. Það er margt sem þarf að huga að þegar fangelsisvist lýkur og mikilvægt að hafa stuðning þegar svo miklar breytingar verða.

Verkefnin skyndihjálpar og björgun færðist yfir á landsskrifstofu síðastliðið haust í staðinn fyrir stærri hluta af verkefnum sem heyra undir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Fjáröflun og stöðugri fjármögnun verkefna verður stóra verkefni deildarinnar á næsta ári og næstu árum. Breyttar úthlutunarreglur Rauða krossins gera það að verkum að deildin fær ekki úthlutað úr sameiginlegum sjóðum félagsins heldur gengur á sjóði sína við fjármögnun verkefna. Það er sumpart skiljanlegt enda ekki markmið félagsins að sitja á digrum sjóðum til lengri tíma. Hins vegar er það áhyggjuefni hversu illa gengur að fjármagna verkefnin og sú staða að ganga þurfi á sjóði deildarinnar ekki sjálfbær til lengri tíma. Það er verkefnið framundan - að tryggja sjálfbærni hvers og eins verkefnis. Sameining deildanna hefur gefið góða raun. Samlegðaráhrif innan verkefna hafa strax sannað sig að einhverju leyti en betur má ef duga skal og verður það einnig áhersluatriði hjá nýrri stjórn að straumlínulaga starfsemina eftir þörfum og getu.

Starfið sjálft er hins vegar það mikilvægasta í rekstri höfuðborgardeildar Rauða krossins og það sem við brennum öll fyrir.

**Sameiginleg markmið okkar eru mikilvægust og þau eru óbreytt:
að hjálpa fólki í neyð, að styrkja notendur þjónustu okkar til að þeir geti dafnað
og að bæta samfélagið.**

SJÁLFBODALIÐAR ÁRSINS

Sjálfbodaliðar Rauða krossins á höfuðborgar-svæðinu báru hitann og þungann af starfi deildarinnar sem fyrr á árinu. Sjálfbodaliðar starfa í öllum verkefnum deildarinnar, alla daga ársins, allt árið um kring. Verkefnin eru ólík og innan verkefnanna finnast fjölbreytt hlutverk fyrir sjálfbodaliða.

Markmið verkefna sjálfbodaliða er að vinna að stefnu Rauða krossins á Íslandi og hreyfingarinnar með grunngildin, m.a. mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni, að leiðarljósi. Jafnframt er lögð áhersla á að finna sjálfbodaliðum viðeigandi hlutverk þar sem þau geta nýtt sína þekkingu og reynslu til góða.

Öryggi sjálfbodaliða og skjólstæðinga er mikilvægt, og því var lögð sérstök áhersla á bjóða upp á góða og viðeigandi fræðslu til að undirbúa sjálfbodaliða sem best fyrir verkefni sín. Sérstakur kraftur var settur í að bjóða öllum sjálfbodaliðum upp á námskeið í sálrænni fyrstu hjálp, á fjölbreyttum tíma og á fleiri tungumálum.

Kraftur deildarinnar liggur í fjölbreyttum sjálfbodaliðahópi. Það er mikilvægt að hópurinn endurspegli samfélagsgerðina og það er mikilvægt að öll hafi greiðan aðgang að sjálfbodastörfum og geti lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Sjálfbodastörf geta verið valdeflandi og verið sniðug leið til að kynnast manneskjum, aðstæðum og reynsluheim sem var jafnvel ókunnugt fyrr.

Ólöf Ásdís Baldvinsdóttir

Verkefni: Enskukennsla fyrir umsækjendur um vernd og flóttafólk

Ólöf Ásdís byrjaði 2020 í miðjum Covid faraldri að kenna ensku fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd (UAV) og flóttafólk á Suðurnesjum. Þegar hún byrjaði gekk á ýmsu eins og gefur að skilja. Íðulega þurfti að takmarka fjölda og jafnvel vísa þátttakendum frá vegna takmarkanna. Stundum kenndi hún í gegnum Zoom og bauð öllum (UAV og flóttafólki) hvar sem fólk var búsett á landinu. Margur hefði eflaust gefist upp á sjálfbodastarfinu við þessar aðstæður. En ekki Ólöf. Hún var og er alltaf tilbúin að finna lausnir og gera það sem skjólstæðingum hentar best. Alltaf með jákvæðnina að vopni. Hún leggur sig fram við að kenna nemendum hvernig og hvar þeir geti líka sjálfir nálgast kennsluefni á internetinu. Því hún veit að flestir koma til með að vera vísað frá landinu en hafa þá töl til að halda áfram að læra hvar sem þeir eru staddir í heiminum. Henni er mjög svo umhugað um alla sem hún kennir, þekkir nöfn allra og lítur á alla sem jafningja. Þá er Ólöf alltaf tilbúin að hlaupa í skarðið fyrir aðra sjálfbodaliða ef þarf. Ólöf er einstök og fyrirmyndar sjálfbodaliði.



Ólöf Ásdís sjálfbodaliði.



Sjálfboðaliðar ársins, framhald

Auður Guðjónsdóttir

Verkefni: Íslenskukennsla fyrir umsækjendur um vernd og flóttafólk

Auður Guðjónsdóttir hefur nýtt mikla reynslu og þekkingu sína sem kennari við uppbyggingu faglegs sjálfboðaliðastarfs, og sýnt framtakssemi, útsjónarsemi og mikla trygð við verkefnið. Hún kom inn í starfið eftir lægð í fyrstu bylgjum Covid, og leiddi mótun og uppbyggingu á íslenskupjálfun verkefnisins, fyrst um sinn fyrir umsækjendur um vernd og síðar einnig opið flóttafólk. Starfið er þannig sett upp nú að búnir eru til nemendahópar, sem starfa saman í 5 vikur í senn og hittast tvisvar í viku. Hverjum hópi fylgir hópstjóri með kennarabakgrunn sem ber ábyrgð á framsetningu námsefnis og svo aðstoðarsjálfboðaliðar sem sitja með fólki og fara yfir verkefni með þeim og æfa samtöl. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel fyrir hjá þátttakendum og átti Auður lykilþátt í að byggja þetta kerfi upp, ásamt því að sinna reglulega hlutverki hópstjóra. Hóparnir eru sjálfbærir og þeim fylgir aldrei starfsmaður.



Auður sjálfboðaliði.

María Birna Jónsdóttir

Verkefni: Félagsverkefni

María Birna hefur verið sjálfboðaliði í félagsverkefnunum frá árinu 2014. Þá fór hún í einstaklingsheimsókn með hundinn sinn hann Krumma. Þau voru í því verkefni í tvö ár en þá féll hundurinn hennar frá. Frá 2016 hefur hún farið í fyrstu heimsóknir með hund fyrir hönd verkefnisins. Við höfum ekki tölu á hversu margar heimsóknir hún hefur farið í en þær hlaupa á tugum á hverju ári. María er alltaf jákvæð, til í að fara í heimsóknir hvort sem þær eru á morgnana, um miðjan dag eða seinni part dags. Hún er sveigjanleg, fagmannleg, með nærveru sem hvetur sjálfboðaliðana okkar áfram og lífsglöð. Henni finnst verkefnið gefandi og tekur virkan þátt í þeim námskeiðum sem verkefnið og Rauði krossinn bjóða upp á.



María Birna sjálfboðaliði.

SKAÐAMINNKUN

Frá árinu 2009 hefur Rauði krossinn verið leiðandi í skaðaminnkandi aðgerðum á Íslandi, með mannréttindi og virðingu fyrir einstaklingnum að leiðarljósi. Eitt af aðalmarkmiðum skaðaminnkandi inn-
gripa er að koma í veg fyrir óafturkræfan skaða, halda fólki á lífi, bæta heilsufar og lífsgæði fólks sem notar vímuefni.


Frú Ragnheiður

Frú Ragnheiður vinnur út frá skaðaminnkandi nálgun og tryggir einstaklingum aðgang að mannúðlegri og lífsbjargandi þjónustu. Megin tilgangur Frú Ragnheiðar er að veita nálaskipta-
þjónustu og heilbrigðisþjónustu í nærumhverfi skjólstæðinga sinna. Mikið er lagt upp úr sálrænum stuðningi og skaðaminnkandi fræðslu en einnig er boðið upp á næringu, hlýjan fatnað og útilegubúnað. Frú Ragnheiður miðar starf sitt út frá þörfum notenda og hefur þannig náð að byggja upp mikilvægt traust við afar jaðarsettan hóp. Öll eru velkomnir en markhópurinn eru einstaklingar sem nota vímuefni um æð og/eða eru heimilislausir. Þjónustan er veitt af fjölbreyttum hópi sjálfbóðaliða um 90 talsins, sem keyra út vaktina sex kvöld vikunnar, allan ársins hring. Á

árinu sem leið féllu niður 16 vaktir vegna mann-
eklu og því var lagt upp úr því í byrjun árs að fjölga í sjálfbóðaliðahópnum með það markmið að það þyrfti ekki að fella niður vakt nema í ítrustu neyð. Á hverri vakt eru þrír sjálfbóðaliðar ásamt lækni og starfsmanni á bakvakt.

Vettvangsþjónusta eins og Frú Ragnheiður dregur úr skaðlegum afleiðingum af vímuefnanotkun eins og HIV og lífrarbólgu C smitum, ótímabærum dauðsföllum, ofskömmtnun, sýkingum og ofþurrki. Með því að veita skaðaminnkandi þjónustu á vettvangi er hægt að grípa snemma inn í vanda og þannig mögulega koma í veg fyrir kostnaðarsama heilbrigðisþjónustu eins og innlagnir á spítala. Því reynslan sýnir að einstaklingar með vímuefnavanda veigra sér við því að leita sér þjónustu því þeir upplifa fordóma og skilnings-

Í næstum öllum tilvikum fengu einstaklinga næringu og drykk og 80% heimsóknna fengu einstaklingar hreinan búnað.





Skaðaminnkun, framhald



664

EINSTAKLINGAR NÝTTU SÉR FRÚ RAGNHEIÐI

leysis. Í Frú Ragnheiði er boðið upp á öruggt rými þar sem einstaklingum er mætt með virðingu, skilningi og mannúð. Frú Ragnheiður leggur mikið upp úr virku samráði við notendur og er það forsenda þess að úrræðið er árangursrík og mannúðlegt. Það tryggir að verkefnið er byggt á raunverulegum þörfum og stuðlar að valdeflingu einstaklinga.

Það hefur verið lögð sérstök áhersla að veita ungmennum á aldrinum 18-25 ára og konum sérstakan stuðning og eftirfylgd við að komast í viðeigandi þjónustu ef þau óska þess. Í þessum málum er unnið þétt með VOR teyminu, félagsþjónustunni o.fl. Frú Ragnheiður er oft fyrsta snerting einstaklinga við kerfið og vettvangur þar sem einstaklingar geta sagt frá aðstæðum og líðan á öruggum stað. Konur eru í kringum 30% þeirra sem leita til Frú Ragnheiðar, karlar eru í kringum 66% og 3% skilgreina sig hvorki sem karl né konu.



5818

HEIMSÓKNIR Í BÍLINN

Árið hjá Frú Ragnheiði

Líkt og árið áður hefur verið aukning í fjölda einstaklinga sem leita í bílinn en árið 2024 leituðu 664 einstaklingar í bílinn en heimsóknir voru færri en árið áður eða 5.818, árið 2023 voru heimsóknir 5.893. Þar sem árleg aukning hefur verið bæði í heimsóknarfjölda í bílinn og notenda hefur Frú Ragnheiður þurft að endurskoða og fara yfir verkferla án þess að skerða þjónustu til þeirra sem þurfa. Má þar nefna atriði þar sem vaktin forgangsraðar frá einstaklinga sem eru einungis að biðja um mat eða fatnað ef listinn er langur og ekki gefst tími til að hitta viðkomandi.



4294

LÍTRUM FARGAÐ Á ÖRUGGAN HÁTT

Örugg förgun notaðs sprautubúnaðar er hluti af samfélagslegri skaðaminnkun verkefnisins en árið 2024 fargaði Frú Ragnheiður 4.294 lítrum en það er rúmlega 600 lítrum minna en árið áður. Helsta ástæðan er talin vera sú að það eru fleiri úrræði sem taka við og farga notuðum sprautubúnaði á öruggan hátt t.d. neyðarathvörfin, Skjólíð og önnur búsetuúrræði fyrir einstaklinga í virkri vímefnanotkun. Nálaskiptaþjónusta Frú Ragnheiðar vegur þungt en hún var veitt í rétt rúmlega 80% heimsókna og sama er að segja um skaðaminnkandi ráðgjöf en hún var veitt í rúmlega 50% heimsókna en áherslan hefur verið að laga skráningu þar sem talið er að þessi tala sé hærri í raun og veru. Frú Ragnheiður hefur lagt



Skaðaminnkun, framhald

áherslu á að dreifa Naloxone og fræða þá sem vilja um notkun þess. Árið 2024 var rétt tæplega 400 skömmtum af Naloxone dreift til einstaklinga til að geta brugðist við ofskömmtum. Sálrænn stuðningur var veittur í 73% heimsókna en gera má ráð fyrir að í öllum tilvikum þegar einstaklingar koma inn í bílinn er veittur sálrænn stuðningur en stundum er einnig verið að sækja fyrir aðra. Þó að matarút- hlutun er undirmarkmið Frú Ragnheiðar er það mikilvægur partur af verkefninu og í rúmlega 90% heimsókna þáðu notendur næringu.

Sjálfböðaliðar

Á bakvið Frú Ragnheiði stendur fjölbreyttur hópur sjálfböðaliða og eru í kringum 90 virkir sjálfböðaliðar í verkefninu núna. Á hverri vakt standa þrír sjálfböðaliðar vaktina frá 18:00-22:00 auk læknis á bakvakt. Einnig er starfsmaður á bakvakt sem hefur reynslu af hópnun og verkefninu sem sjálfböðaliðar á vakt geta leitað til ef upp koma einhver flókin mál. Bakvaktar starfsmenn í Frú Ragnheiði eru fjórir og skipta með sér vöktum. Þetta eru reynslu miklir sjálfböðaliðar, starfsmenn Ylju og flestir hjúkrunarfræðingar að mennt. Fjölbreyttur hópur er mikilvægur hluti verkefnisins þar sem hann endurspeglar breidd samfélagsins en sjálfböðaliðar Frú Ragnheiðar eru með ýmis konar bakgrunn t.d í heilbrigðisvísindum, félagsráðgjöf, flugvirkjar, kennarar ofl.

Eldmóður sjálfböðaliða Frú Ragnheiðar sýnir sig ekki aðeins í verki heldur einnig í árangri verkefnisins, því það væri ekki án samstöðu og kraft sjálfböðaliðanna sem leggja sitt af mörkum við að bæta líf fólks og tryggja mannréttindi allra, óháð aðstæðum þeirra.

Heilbrigðisþjónusta Frú Ragnheiðar og samstarf við Landspítalann

Ákveðinn hópur þjónustuþega Frú Ragnheiðar leitar til verkefnisins á daginn og fær þá gjarnan tilvísun eða fylgd á göngudeild smitsjúkdóma. Aukið samstarf hefur skilað verulegum árangri, þar sem lágþröskulda heilbrigðisþjónustan í bílnum veitir aðgengi að nauðsynlegri umönnun fyrir einstaklinga sem erfitt er að ná til. Notkun vímuefna í æð eykur hættu á sýkingum, sárum og æðabólgu, en snemmtæk íhlutun dregur úr alvarlegum heilsufarsvandamálum.

Á hverri vakt er heilbrigðismenntaður sjálfböðaliði og árið 2024 sinnti Frú Ragnheiður sinni 1.015 heilbrigðistengdum málum hjá 227 einstaklingum.



1015

**HEILBRIGÐISMÁLUM VAR SINNT HJÁ
FRÚ RAGNHEIÐI**



227

**EINSTAKLINGAR NÝTTU SÉR
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU
FRÚ RAGNHEIÐAR**



Skaðaminnkun, framhald

um. Þjónustan á vettvangi felur í sér ráðgjöf, stuðning við að komast í blóðprufur og tilvísun í önnur úrræði. Heilbrigðisþjónustan sem er veitt í bílnum er t.d. mat á sýkingum og sárum, umbúðarskipti, saumataka, lífsmarkamælingar ofl. Einstaklingar sem nota vímuefni um æð eru útsettri fyrir sýkingum og hægt er að fá uppáskrifuð sýklalyf hjá lækni á bakvakt. Á árinu sem leið fylgdi Frú Ragnheiður eftir 73 einstaklingum með að fá uppáskrifuð sýklalyf. Einnig hefur samstarf við Göngudeild smitsjúkdóma aukist mikið síðustu ár og hægt er að sækja þjónustu einstaklingum að kostnaðarlausu. Samstarf við Landspítalann um greiningu og lyfjameðferð við lifrabólgu C og HIV hélt áfram, þar sem hjúkrunarfræðingar frá Landspítalanum og Frú Ragnheiði fóru á vettvang tvisvar í viku fram að opnun Ylju. Vettvangsheimsóknir voru um 300 talsins og 106 einstaklingar voru skimaðir fyrir HIV og lifrabólgu C og 16 einstaklingar byrjuðu á meðferð við lifrabólgu þar á meðal 4 einstaklingar sem ekki hafði verið hægt að ná til fyrr en með tilkomu vettvangstarfsins. Vettvangshjúkrun greindi yfir 50% tilfella á lifrabólgu C árið 2024.

Þetta samstarf hefur auðveldað aðgengi að meðferð fyrir hóp sem annars væri erfitt að ná til og stuðlar að bættri lýðheilsu.



106

**EINSTAKLINGAR ÞÁÐU SKIMUN FYRIR
LIFRARBÓLGU C OG HIV**



Gagga sjálfboðaliði.

Sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði

Hvers vegna ákvaðstu að gerast sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði?

Mig langaði að láta gott af mér leiða og vera virkur þátttakandi í því að búa til betra samfélag handa öllum. Auk þess að hafa áhuga á hugmyndafræði skaðaminkunnar.

Hvað finnst þér þú helst læra af því að vera sjálfboðaliði í verkefninu?

Hvað mannleg reisin og virðing skiptir miklu máli. Og að við eigum ekki að þjóna kerfinu heldur kerfið okkur, sama hver staða okkar er hverju sinni. Og að heilbrigðisþjónusta er svo ótal margt.

Ef þú ættir að lýsa Frú Ragnheiði í einu orði hvað væri það?

Fjölbreytni.

Gagga, sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði.



Skaðaminnkun, framhald



Bjarni Pétur sjálfboðaliði.

Sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði

Hvers vegna sóttirðu um að vera sjálfboðaliði í verkefninu?

Það eru tvær aðal ástæður fyrir því að ég sótti um að vera sjálfboðaliði hjá Frú Ragnheiði. Sú fyrri er að á mínum vinnustað kemur fólk með sama bakgrunn í leit að heilbrigðisþjónustu. Mér hefur

oft misboðið þá fáfræði sem þessum skjólstæðingum hefur stundum verið mætt með og taldi ég þetta verkefni vera góða leið til að styrkja mig í starfi ásamt því að tryggja og ýta undir bætta þjónustu fyrir þennan hóp skjólstæðinga. Hin ástæðan er að ég brenn fyrir forvarnarverkefnum og er Frú Ragnheiður fyrirmyndar forvarnarverkefni sem bætir öryggi, heilsu og líðan skjólstæðinga sinna ásamt að vera snemmbúið inngrip til að koma í veg fyrir alvarlegan skaða frá sárum, sýkingum og öðrum veikindum.

Hvað finnst þér þú helst læra af því að vera sjálfboðaliði í verkefninu?

Að vera sjálfboðaliði hefur fyrst og fremst opnað augun betur fyrir þeim raunveruleika sem fólk með vímefnavanda lifir við, sem við sem samfélag höfum litið fram hjá alltof lengi.

Ef þú ættir að lýsa Frú Ragnheiði í einu orði hvað væri það?

Lífsbjörg. Lífsbjörg er klárlega eina orðið sem er nógu stórt til að ná utan um allt sem Frú Ragnheiður gerir. Frú Ragnheiður er lífsnauðsyn marga þeirra sem til hennar leita.

Bjarni Pétur, sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði.



Skaðaminnkun, framhald

Ylja

7. ágúst 2024 markaði tímamót í skaðaminnkun á Íslandi en þá opnaði fyrsta staðbundna neyslurýmið á Íslandi, Ylja. Eftir að Ylja færanlegt neyslurými sýndi fram á tilgang sinn árið 2022 þegar það var rekið í bíl, var unnið hörðum höndum að því að opnað yrði staðbundið neyslurými. Terra Einingar styrktu Rauða krossinn um húseiningar til að reka neyslurýmið í og í samstarfi við Heilbrigðisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Sjúkratryggingar og fleiri aðila var hægt að opna í sumarlok 2024.

Neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem notendur vímuefna, 18 ára og eldri, geta notað vímuefni undir eftirliti sérhæfðs starfsfólks

Verkefnið Ylja líkt og **Frú Ragnheiður** er skaðaminnkandi verkefni Rauða krossins sem vinnur út frá aðferðafræði skaðaminnkunar.

Ylja neyslurými er hluti af mannúðlegri nálgun sem snýst ekki um að fyrirbyggja sjálfa notkunina heldur að draga úr skaðlegum afleiðingum hennar. Markmiðið er að bæta lífsgæði, tryggja öryggi og skapa úrræði sem mæta fólki á þeirra forsendum, þar sem það er statt.

Ylja er öruggur staður fyrir einstaklinga til að nota vímuefni í æð en einnig er reykrými þar sem einstaklingar geta reykt ópíóíða og/eða örvandi vímuefni undir eftirliti fagsfólks. Ylja hefur lagt mikið upp úr því að mynda traust og tengsl við einstaklinga sem nýta sér þjónustuna og Ylja er einn þáttur í að fækka þröskuldum í þjónustu við þennan hóp. Þar geta einstaklingar fengið aðstoð og hlýtt viðmót sem getur vegið þungt fyrir einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Í 1.011 skipti af 1.201 eða 84% heimsóknna var veittur sálrænn stuðningur.



1201

HEIMSÓKN SÍÐAN YLJA OPNAÐI

Neyslurýmið Ylja við Borgartún.



Skaðaminnkun, framhald

Teymið bakvið Ylju samanstendur af fimm starfsmönnum og sex tímastarfsmönnum og öll hafa þekkingu og reynslu innan málaflokksins. Hluti starfsmanna er með heilbrigðismenntun og síðan er lögð áhersla á félagslegan bakgrunn og þekkingu á skaðaminnkandi hugmyndafræði og nálgun. Í Ylju líkt og í Frú Ragnheiði er lögð áhersla sálfélagslegan stuðning, lágþröskulda heilbrigðisþjónustu og skaðaminnkandi ráðgjöf. Einnig er lagt upp úr því að dreifa Naloxone og fræða þá sem vilja um notkun þess en nú er hægt að taka vefnámskeið; Skyndihjálp og Naloxone á námskeiðsvef Rauða krossins að kostnaðarlausu.



143

GESTIR HAFNA KOMIÐ SÍÐAN YLJA OPNAÐI

Rauði krossinn mun bjóða upp á námskeiðið „Verklegt eftir vefnámskeið í Skyndihjálp og Naloxone“ sem framhald af vefnámskeiðinu. Þar munu þátttakendur geta þjálfað verklega færni, spurt spurninga og tekið þátt í umræðum auk þess sem teknar verða tilfellaæfingar. Námskeiðið tekur um 60 mínútur og í lok námskeiðs fá þátttakendur Naloxone tösku sem inniheldur Naloxone nefúða ásamt blástursgrímu og hönskum. Á námskeiðunum er stuðlað að jákvæðum viðhorfsbreytingum, vilja og sjálfstrausti til að bregðast við ofskömmtn og aukinni þekkingu á skaðaminnkun, skyndihjálp, ofskömmtn og Naloxone. Námskeiði er m.a. ætlað notendum og vinum sem nota, aðstandendum, vinum og ættingjum. Einnig starfsfólki sem starfar í umhverfi og aðstæðum notenda, heilbrigðisstarfsfólki, viðbragðsaðilum, starfsfólki félagsþjónustu auk þeirra sem starfa við skaðaminnkunarræði og jafningjafræðslu.

Einnig er hægt að nálgast Naloxone í Frú Ragnheiði og í móttökunni í Rauða krossinum í Víkurhvarfi 1.



Herbergi hjúkrunarfræðings Landspítala í Ylju.



Skaðaminnkun, framhald

Ylja hefur frá opnun fargað um 232 lítrum af notuðum sprautubúnaði og er þetta mikilvægt skref í aukinni samfélagsábyrgð og bættum sóttvörnum.

Ylja er opin virka daga frá kl. 10-16 og frá opnun hafa heimsóknir verið tæplega 1.201 og um 143 einstaklingar nýtt sér þjónustuna. Meirihlutinn eru einstaklingar sem skilgreina sig sem karlkyns en konur er í kringum 31% af þeim sem koma. Meðalaldur er 37 ár. Fjölbreyttur hópur sækir þjónustu í Ylju og býr við margskonar félagslegar aðstæður. Þó flestir eigi sögu um langvarandi og þungan vímuefnavanda og heimilsleysi. Ylja er mikilvægur partur af skaðaminnkandi þjónustu og stuðlar að betri lýðheilsu og mannréttindum fólks með vímuefnavanda.

Samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum eiga öll rétt á heilbrigðisþjónustu og tryggir neyslurýmið þennan rétt fyrir einstaklinga sem eru oft á jaðri samfélagsins. Ylja býður upp á heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf sem getur dregið úr skaðlegri notkun sem svo getur dregið úr



37

ÁR ER MEÐALALDUR GESTA

alvarlegum afleiðingum og álagi á heilbrigðiskerfinu. Má þar nefna sýkingar, blóðborna smitsjúkdóma og ofskammtanir. Einnig með því að útvega hreinan sprautubúnað og veita upplýsingar um örugga notkun má draga úr útbreiðslu sjúkdóma eins og HIV og lifrabólgu.

Hjúkrunarfræðingur frá Landspítalanum er með aðsetur í Ylju þrjá daga í viku sem er gífurlega mikilvægt skref í þjónustu við þennan hóp og samstarfið hefur gengið mjög vel. Hér gefst tækifæri á að grípa einstaklinga sem útskrifa sig gegn læknisráði á Landspítalanum og taka við sjúklingum sem komast ekki í þjónustu annars staðar vegna t.d biðlista. Einnig eru öll velkomin að koma og nýta sé heilbrigðisþjónustu frítt og

HELSTU KOMUÁSTÆÐUR:



Skimun fyrir HIV og Lifrabólgu C

Sár og sýkingar - sýklalyf afhent á staðnum án kostnaðar

Skimun fyrir kynsjúkdómum

Meðferð við kynsjúkdómum

Andleg vanlíðan

Ósk um aðstoð við að komast í meðferð

Forðasprautur - getnaðarvernir, geðlyf

Utanumhald og lyfjaafhending HepC og HIV

Tilvísanir innan heilbrigðiskerfið s.s. við kvennadeild og húðdeild





Skaðaminnkun, framhald



Neyslurými Ylju.

gestir geta fengið aðstoð eftir þörfum. Fjöldi einstaklinga sem hafa nýtt sér heilbrigðisþjónustu í Ylju eru 166 og hafa heimsóknir verið í kringum 373. Helstu komuástæður eru t.d. skimun fyrir HIV og HepC, sár og sýkingar, skimun og meðferð við kynsjúkdómum, forðasprautur o.fl. Hjúkrunarfræðingur sér einnig um utanumhald og lyfjaafhendingar vegna lifrabólgu C og HIV. Frá því að Ylja opnaði hafa 26 einstaklingar fengið meðferð við lifrabólgu C. Hjúkrunarfræðingur í Ylju getur vísað málum einstaklinga áfram innan heilbrigðiskerfisins s.s. við kvennadeild, húðdeild og

Vog sem auðveldar aðgengi hópsins að fjölbreyttri þjónustu

Heilbrigðisþjónusta var veitt í 22 skipti af hjúkrunarfræðingum neyslurýmisins á árinu en það má gera ráð fyrir að sú tala sé hærri þar sem skráning var ekki rétt í upphafi. Heilbrigðisþjónustan felst fyrst og fremst í meðferð sára og sýkinga sem getur verið áhættuþáttur hjá þeim sem nota vímuefni í æð. Þegar notendur nýta sér Ylju gefa þeir upp hvaða skammtastærð og hvaða efni þeir hyggjast nota. Þetta gefur kost á skaðaminnk-



Skaðaminnkun, framhald



Móttakan í Ylju.

andi samtali t.d um skammtastærð, almennt heilsufar og líðan sem getur haft áhrif á þol einstaklinga hverju sinni.

Skaðaminnkandi ráðgjöf var veitt í 587 skipti en það má gera ráð fyrir því að þessi tala sé hærri þar sem skráning var ekki rétt í upphafi. Lagt er upp úr heildrænni nálgun og samvinnu félags- og heilbrigðisþjónustunnar og þar sem tekið er heildrænt á þörfum gesta. Gott samstarf VOR

teymisins og smitsjúkdómadeild Landspítalans hefur haft mikið að segja um skilvirkni og góðan árangur. Samstarf milli kerfa tryggir að þjónustan sé ekki sundurslitin heldur heildræn og samþætt.

Ylja leggur upp úr því að stuðla að breyttri umræðu í samfélaginu um vímuefnanotkun og einstaklinga sem nota vímuefni með fræðslu og umræðu sem leitt getur til meiri skilnings og mannúðlegri viðhorfa í samfélaginu.

FÓLK Á FLÓTTA

ÁHERSLUR



Fólki á flóttu á heimsvísu heldur áfram að fjölga og á nýju metári 2024 var talan komin upp í 123 milljónir. Vopnuðum átökum fer ekki fækkandi og í dag eru 110 vopnuð átök í gangi í heiminum. Á Íslandi sjáum við að umsækjendum um alþjóðlega vernd fjölgaði mikið árið 2022 í kjölfar vopnaðra átaka í Úkraínu en eftir það metár fór umsóknum aftur að fækka. Til samanburðar voru 4516 umsóknir árið 2022 en 1944 umsóknir árið 2024. Stærstu hópar umsækjenda hafa verið frá Úkraínu og Venesúela og umsóknum umsækjenda frá Palestínu hefur fjölgað í kjölfar vopnaðra átaka á Gaza. Helstu tungumál sem við sjáum hjá

umsækjendum eru úkraínska, spænska og arabíska.

Áherslur Rauða krossins í verkefnum fyrir flóttafólk eru að draga úr jaðarsetningu þeirra, bæta andlega heilsu flóttafólks og vinna að inngildingu þeirra í íslenskt samfélag. Breytingar hafa verið gerðar á starfinu og um haustið 2024 hætti Rauða krossinn með fatakort fyrir skjólstæðinga. Í kjölfar þess dró úr ásókn í viðtalstíma en sú þjónusta er enn í boði. Skjólstæðingar sækja helst í viðtalstíma vegna vöntunar á sálfélagslegum stuðningi, upplýsingaöflun og þetta er kjörið tækifæri til að



Fólk á flóttu, framhald

auglýsa þau verkefni sem eru í boði fyrir flóttafólk. Einnig varð sú breyting að teymin tvö, teymi umsækjenda og teymi flóttafólks voru sameinuð haustið 2024 og eru núna teymi fólks á flóttu. Flest verkefni sem teymið bíður uppá eru í boði fyrir báða hópa, fyrir utan verkefni inngildingar Leiðsöguvinir og Tölum saman sem eru eingöngu í boði fyrir flóttafólk.

VIÐTALSTÍMAR, FATAKORT OG TILFALLANDI ÞJÓNUSTA:

► 2.917 SKIPTI

BIÐLISTI EFTIR VIÐTALI/VERKEFNI:

► 39 EINSTAKLINGAR
(FJÖLSKYLDUR Á BAKVIÐ)



Úkraínsk kona og rússnesk kona plökka saman.

Félagsstarf fyrir umsækjendur um vernd og flóttafólk

Sjálfboðaliðar Rauða krossins setja á dagskrá félagslega viðburði hvar sem umsækjendur um vernd eru hýstir. Árið 2024 fór starfið að mestu fram á Höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesbæ, en einnig var virkur sjálfboðaliðahópur á Laugarvatni fram í ágúst, eða allt þar til búsetuúrræði þar var lokað. Á Hótel Glym voru farnar reglulegar heimsóknir, og fjarkennsla skipulögð fyrir þá sem voru þar hýstir, en því úrræði var einnig lokað um mitt ár.

Í Reykjavík fór starfið að langmestu leiti fram í samfélagshúsum Reykjavíkurborgar, Vitatorgi og Árskógum, í Reykjanesbæ fór það fram jöfnum höndum í aðstöðu Vinnumálastofnunnar við Grænásbraut, Officeraklúbbnum, og í húsnæði Rauða krossins á Suðurnesjum við Smiðjuvelli.



Fólk á flóttu, framhald



Leiklist hefur reynst öflugt tæki fyrir flóttafólk til að tjá sig.

Félagsstarfið er í boði bæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og þau sem komin eru með vernd. Tilgangur félagsstarfsins er að draga úr einangrun og auka virkni skjólstæðingahópsins.

Dagskráin er sett upp og framkvæmd af sjálfböðaliðum að eins miklu leiti og kostur gefst á, og studd af starfsfólki verkefnisins. Viðburðir félagsstarfsins eru fjölbreyttir og eiga allir sameiginlegt að bjóða vettvang fyrir virkni og vinalæg samskipti í öruggu rými. Þar má nefna vikulegt Opið Hús, fjölskylduhóp, karla- og kvennahópa og ungmennahóp ásamt hópi fyrir flóttafólk undir hinsegin regnboganum. Einnig eru ýmsir íþróttaviðburðir s.s. fótbolti, blak, yoga og dans; listaviðburðir í bæði myndlist og leiklist ásamt

mikilli tungumálapjálfun á bæði íslensku og ensku, og þá voru viðburðir á sviði tölvufærni og kennslu prófaðir. Á árinu komu 156 sjálfböðaliðar að skipulagningu og framkvæmd félagsstarfsins.

Fjöldi viðburða á árinu 2024 voru 1.433 eða að meðaltali 119 viðburðir á mánuði. Skráðar komur á alla viðburði voru á árinu 18.721 skipti. Að meðaltali komu því 13 þátttakendur á hvern viðburð, en auðvitað voru sumir viðburðir mun fjölmennari, og aðrir fámennir. Fjöldi viðburða jókst um 16,5% frá árinu 2023 en komum á viðburði fækkaði um 28% milli ára. Þeim hafði þó fjölgað mikið árin á undan. Rökrétt er að leita skýringa á fækkuninni í þeirri staðreynd að á árinu sóttu mun færri um vernd en höfðu gert síðastliðin tvö árin á undan.



Fólk á flóttu, framhald



Frá uppsetningu Paper Planes.

Leiklistarklúbbur

Á Suðurnesjum er starfræktur leiklistarklúbbur sem hittist vikulega og er í umsjón sjálfboðaliða með menntun í leiklist ásamt Hildi Ýr starfsmanni teymisins Fólk á flóttu á Suðurnesjum sem er einnig menntuð á því sviði.

Leiklist hefur reynst öflugt tæki fyrir flóttafólk til að tjá sig, vinna úr reynslu sinni og öðlast sterkari rödd í nýju samfélagi. Í gegnum leiklistarferlið hafa þátttakendur byggt upp sjálfstraust, myndað tengsl sín á milli þvert á þjóðerni og fundið vettvang þar sem þau geta sagt sína sögu.

Í júní var sett upp sýning í Frumleikhúsinu í Keflavík og í lok nóvember önnur sýning í Bergi í Hljómahöll, báðar undir yfyrskriftinni Paper Planes. Verkið er í sífelldri vinnslu þar sem það er mótað af hópnum hverju sinni. Leikhópurinn er síbreytilegur og þar með þróast verkið stöðugt og tekur á sig nýja mynd í takt við reynslu þeirra og sögur.

Báðar sýningar voru sýndar fyrir fullu húsi. Leikfélag Keflavíkur lánaði okkur leikhúsið sitt endurgjaldslaust. Hljómahöll sömuleiðis auk þess að útvega hljóðmann og annað starfsfólk.



Fólk á flóttu, framhald

Interact

Verkefnið interACT (samVIRK) hófst haustið 2023 og hefur vaxið og dafnað síðan. InterACT snýr að sjálfböðaliðastarfi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Markmið verkefnisins er að draga úr jaðarsetningu með því að virkja borgaralega þátttöku í íslensku samfélagi og valdefla hópinn í gegnum sjálfböðaliðastarf með Rauða krossinum, öðrum íslenskum félagasamtökum og fyrirtækjum.

Í byrjun árs 2025 eru 62 virkir sjálfböðaliðar í interACT. Það voru alls 130 sjálfböðaliðar skráðir yfir árið 2024, þar af voru 91 konur og 38 karlar. Sjálfböðaliðarnir koma víðs vegar frá en flestir koma frá Úkraínu, Venesúela, Palestínu, Sýrlandi og Íran. Aldur sjálfböðaliða er frá 20 ára til 64 ára.

Árið 2024 voru haldnir mánaðarlegir sjálfböðaliðafundir þar sem farið var yfir skipulag komandi viðburðar. Sjálfböðaliðahópurinn var hvattur til þess að koma að öllu skipulagi, nýta hæfni sína og þekkingu, og styðja við jákvæð menningarleg samskipti. InterACT lagði áherslu á að búa til rými þar sem allir eru velkomnir; tungumálakunnátta á ekki að vera hindrun að þátttöku og reynt er, eftir bestu getu, að bjóða upp á efni og þjálfanir á mismunandi tungumálum (helstu tungumálin eru enska, úkraínska, spænska og arabíska).

Sjálfböðaliðar interACT árið 2024, unnu að og lærðu um; Sorpu og endurvinnslu, lærðu skyndihjálp með skyndihjálparteymi Rauða krossins ásamt því að kenna skyndihjálp á ensku, spænsku og úkraínsku. Fengu þjálfun í þýðingum, útbjuggu reglulega menningar-Bingó fyrir aldraða í félagshúsunum Árskógum og Vítorgi, og héldu upp á Plokk-daginn á Bessastöðum



MenningarBingó í Árskógum.

með forseta Íslands. Haldnar voru sögustundir á bókasöfnum Reykjavíkur, hópurinn lærði um HIV-Ísland með kynningu frá sjálfböðaliða, fengu þjálfun í hamfaraviðbrögðum með viðbragðs-teymi Rauða krossins og aðstoðuðu við að halda hrekkjavöku- og jóla-partí fyrir flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd, bæði í Reykjavík og Keflavík. Ásamt þessum frábæru viðburðum og samstarfi, byrjaði interACT á nýjum upplýsingarfundum um lagaleg réttindi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, bæði í Reykjavík og Keflavík. Fundirnir voru á ýmsum tungumálum. Sjálfböðaliðar kynntu efnið ásamt lögfræðingi frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.



Fólk á flóttu, framhald

Sumarið 2024 var gerð rannsókn og skýrsla gefin út undir heitinu *Evaluation, Need and Positive Impact of Refugee Participation in Volunteer Projects*. Rannsóknin mat velgengni verkefnisins og jákvæð áhrif þess að hafa flóttafólk sem virka þátttakendur í sjálfböðastarfi. Helstu niðurstöður sýndu að sjálfböðaliðarnir upplifðu að starfið lét þeim finnst að þau væru gagnleg, hefðu rými til að gefa til baka og vera hluti af íslensku samfélagi sem hafði almennt jákvæð áhrif. Auk þess hafði þátttaka jákvæð áhrif á geðheilsu og jók þekkingu fólks og færni. Skýrsluna er hægt að finna á heimasíðu Rauða krossins.

InterACT bjó til rými fyrir flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd til þess að verða sjálfböðaliðar en það vantaði innan Rauða krossins. Umsóknir til þess að taka þátt eru margar og það undirstrikar áhuga fólks með flóttamannabakgrunn á að verða sjálfböðaliðar. Það gerðist heilmargt á árinu og mikil vinna bak við hvern viðburð, við erum afar stolt af sjálfböðaliðunum okkar og viljum þakka þeim fyrir vel unnið starf ásamt öllum samstarfsaðilum sem unnu með InterACT árið 2024.



Sjálfböðaliðar dansa saman.



Fólk á flóttu, framhald

Leiðsöguvinir

Leiðsöguvinaverkefnið hefur verið starfrækt síðan 2017 en fyrir þann tíma var RKÍ með verkefnið stuðningsfjölskyldur fyrir flóttafólk. Til þess að inngilding innflytjenda almennt eigi sér stað í íslensku samfélagi þarf fólki að líða eins og það sé partur af samfélaginu. Í gegnum Leiðsöguvina-verkefnið fær flóttafólk tækifæri til að kynnst sjálfboðaliðum sem hafa búið hér í dágóðan tíma og geta hjálpað flóttafólki með leiðsögn um íslenskt samfélag. Leiðsöguvinir eru tengdir saman í 6 mánuði og hittast 1x í viku. Eftir þetta 6 mánaða tímabil hefur vinátta fólks oft haldið áfram að vaxa og flóttafólki þótt þetta vera góð

leið til inngildingar í samfélagið. Leiðsöguvinirnir kynnst ýmsum siðum og venjum hvors annars og geta þannig skilið hvort annað betur. Verkefnið getur því dregið úr misskilningi sem oft er rót fordóma.

PÖR Í LEIÐSÖGUVINA- OG TÖLUM SAMAN VERKEFNUM:

► 111 PÖR





Fólk á flóttu, framhald



Tölum saman

Tungumálaverkefnið Tölum saman sem er íslensku þjálfun fyrir einstaklinga, hefur verið starfrækt frá 2020. Verkefnið er vinsælt meðal skjólstæðinga og góð viðbót við það íslenskunám sem margt flóttafólk sækir. Í verkefninu er flóttafólk tengt við íslenskumælandi sjálfboðaliða í 6 mánuði og þau hittast 1x í viku á bókasafni. Einstaklingar með flóttamannabakgrunn eru margir hverjir með mikla menntun frá heimalandinu en fá ekki mörg tækifæri hér á Íslandi til að starfa í sinni starfsgrein. Með tungumálþjálfun getur fólk bætt tungumálakunnáttu sína og aukið líkurnar á starfsframa hér á landi í þeirri starfsgrein sem þau hafa sérhæft sig í. Verkefnið stuðlar einnig að bættri inngildingu flóttafólks í íslenskt samfélag.

Tölum saman hópastarf á Suður- og Vesturlandi

Fyrir um 2 árum síðan fór Höfuðborgardeild af stað með hópaverkefni fyrir flóttafólk á landsbyggðinni. Tölum saman íslenskuþjálfun sem hópaverkefni var sett af stað á Akranesi, Bifröst og Selfossi. Einnig var starfrækt viðburða verkefni í Vestmanneyjum árið 2024. Í hópastarfinu eru hittingar 1-2 sinnum í viku. Stór hluti flóttafólks sem býr á þessum svæðum er frá Úkraínu en einnig er fólk af öðru þjóðerni á stöðunum. Hópur flóttafólks á hverjum stað fyrir sig er um 30-100 einstaklingar.

**HÓPASTARF Á AKRANESI,
BIFRÖST OG SELFOSSI, KOMUR:**

► 753 SKIPTI





Fólk á flóttu, framhald

Fjölskyldusameiningar og leitarbeiðnir

Veitt voru 250 viðtöl vegna fjölskyldusameininga og leitarbeiðna á árinu. Vegna mikilla anna breytti teymið sem sinnir ofangreindri þjónustu og verklagi og færði þjónustuna meira 'online'. Vegna breytts vinnulags gat teymið sinnt fleira fólki, fleiri erindum og haldið betur utan um hvert mál. Að auki var sett upp síunarkerfi til að fækka viðtölum og veita frekar aðstoð í gegnum tölvupóst. Góðum árangri var náð og hægt var að aðstoða mun fleiri og stytta biðtíma.

Vegna lagabreytinga sem tóku gildi 4. júlí 2024 þurfti teymið að leggja mun meiri áherslu á að veita notendum ráðgjöf vegna lagabreytinga sem og að vinna í samráði við aðrar stofnanir líkt og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Alls voru sendar fimm leitarbeiðnir árinu 2024 vegna týndra ástvina í löndum þar sem átök geisa til dæmis í Úkraínu, Gaza-Palestína, Sýrlandi og Sómalíu.



Lyklar að íslensku samfélagi er nýtt verkefni styrkt af Coca-Cola.

Markmið verkefnisins er að bæta þekkingu flóttafólks og umsækjenda um vernd á vinnumarkaði og inngildingu á Íslandi. Það eru tvær mismunandi fræðslur í boði, önnur er fyrir flóttafólk og hin fyrir umsækjendur um vernd og er fræðslan þróuð sérstaklega fyrir þarfir hópanna.

Fræðslan fer fram reglulega og verður á mismunandi tungumálum: ensku, arabísku, spænsku og úkraínsku. Fyrsta námskeiðið verður haldið í ársbyrjun 2025.



FÉLAGSLEG VERKEFNI

Vinaverkefni

Félagsleg verkefni - vinaverkefni Rauða krossins eru verkefni með það markmið að styrkja og efla félagslega þátttöku þeirra sem taka þátt. Verkefnið vinnur að því að sporna gegn félagslegri einangrun, að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Gestgjafar fá tækifæri til að móta verkefnið, sem stuðlar að virkri þátttöku, valdeflingu og sjálfstyrkingu ásamt hvatningu til meiri þátttöku í samfélaginu. Félagslegu verkefnin á höfuðborgarsvæðinu voru fimm árið 2024, heimsóknarvinir, gönguvinir, símavinir, hundavinir og tónlistarvinir.

Félagslegu verkefni Rauða krossins

Heimsóknarvinir er umfangsmesta verkefnið. Sjálfboðaliðar í heimsóknarvinum heimsækja einstaklinga og/eða hóp sem eftir því óska. Útfærslur verkefnisins eru ýmiskonar en útgangspunkturinn er sá að reynt er að mæta þörfum og óskum gestgjafanna eftir fremsta megni. Unnið hefur verið að því að ná til yngri markhóps bæði hjá sjálfboðaliðum sem og gestgjöfum. Aukning varð í umsóknum bæði hjá sjálfboðaliðum og gestgjöfum í lok árs.



Úlla, Ragnar og hundurinn Lísá.

„Líður alltaf vel eftir heimsókn“

Gestgjafi í heimsóknarvinum

Hundavinir eru ört stækkandi verkefni. Hundurinn skapar rými fyrir þá einstaklinga sem eiga erfitt með að nálgast aðra. Sjálfboðaliðinn ber þó alltaf ábyrgð á hundinum, þar sem hundurinn er ekki sjálfboðaliði í verkefninu. Sjálfboðaliðinn er einstaklingur sem hlotið hefur þjálfun og mat á hundi sínum. Í ár var meðal annars farið með tvo hunda inn í Háskóla Íslands til þess að hitta nemendur sem voru í prófum. Vonin er að hundaheimsóknirnar geti aukið jákvæðar tilfinningar, lækkað streituhormón og haft róandi áhrif á nemendur sem eru undir álagi og haldnir prófkvíða. Sú heimsókn sló í gegn og halda hundarnir áfram að fara á þessu ári.

Gönguvinir efla einstaklinga bæði félagslega og líkamlega. Gönguvinir eru því tilvalið verkefni fyrir þá sem vilja njóta útiveru og góðrar samveru.

„Ég fer meira út að ganga og hitta fólk“

Gestgjafi í gönguvinum




Vinaverkefni, frh.

Símavinir eru ekki bundnir við neina landshluta og geta sjálfboðaliðar verið tengdir gestgjöfum sínum hvar sem er á landinu.

Tónlistavinir hófust í byrjun árs. Markmið verkefnisins er að gestgjafar fái að njóta lifandi tónlistar og spjalls með sjálfboðaliða. Verkefnið hefur farið hægt af stað en einn gestgjafi hefur fengið til sín mæðgur, sem eru sjálfboðaliðar í tónlistarvinum, einu sinni í mánuði, þar sem þau njóta tónlistar saman og samveru. Í lok árs bættust tveir tónlistavinir við sem báðir heimsækja stofnanir. Sex einstaklingar eru á bið eftir tónlistavini. Tónlistavinir hitta sína gestgjafa um 2 klukkustundir í mánuði.

Í upphafi árs voru 163 virk pör í félagslegum verkefnunum sem hittast vikulega í 12 mánuði í senn og/eða hringjast á tvisvar í viku. Í lok árs voru 183 virk pör í félagslegum verkefnunum.


Alls bárust 390 umsóknir á árinu frá gestgjöfum og 270 sjálfboðaliðaumsóknir. Flestir sjálfboðaliðarnir eru á aldrinum 66 – 75 ára og meirihlutinn skilgreinir sig sem konu. Í lok árs voru 87 einstaklingar að bið eftir að fá sjálfboðaliða í heimsókn.



Verkefnið er mjög vinsælt og ekki hefur skort sjálfboðaliða. Flestir skuldbinda sig í eitt ár, og sumir taka að sér fleiri en einn gestgjafa eða verkefni. Hins vegar hefur þörun tekið tíma vegna anna og er eftirspurn meiri en verkefnið ræður við. Umsóknir, um að fá sjálfboðaliða í verkefnið kemur frá ýmsum aðilum s.s. einstaklingum, stofnunum, félagsþjónustu og fjölskyldum.

„Það er gott að gefa af sér og hjá Rauða krossinum fær maður tækifæri til þess“

Sjálfboðaliði í félagslegum verkefnum



Þeir sem taka þátt í verkefninu skuldbinda sig til 12 mánaða hvort sem það eru sjálfboðaliðar eða gestgjafar. Starfsmenn sjá um öflun, stuðning og eftirfylgd sjálfboðaliða sem og stuðning og eftirfylgd með gestgjöfum. Stuðningurinn er í formi reglulegra símtala, 3-7 dögum eftir fyrstu heimsókn og 6 vikum eftir fyrstu heimsókn. Síðan



Vinaverkefni, frh.

er heyrt í viðkomandi aðilum eftir 6 mánuði og eftir 12 mánuði og þá er farið yfir hvernig árið gekk og þörf endurskoðuð með tilliti til þess hvort þörf sé fyrir áframhaldandi aðkomu Rauða krossins. Margir eru í virkri þörf í tvö ár eða lengur eða um 38%.


„Vinaverkefnin hafa jákvæð áhrif á þá sem taka þátt“

Sjálfbóðaliði í félagslegum verkefnum


Eftirfylgd og stuðningur við sjálfbóðaliða og gestgjafa

Í mars var send út ánægju- og þátttökukönnun á alla virka sjálfbóðaliða og gestgjafa. Könnun sjálfbóðaliða var í tveimur hlutum, annars vegar bakgrunnur og hins vegar þátttaka í verkefninu. Spurningalistinn var sendur til um 170 sjálfbóðaliða í gegnum netfangið sem þeir gáfu upp og var svörunin um 46%.

Fjöldi sjálfbóðaliða eftir aldri




Hefur þú tekið eftir einhverjum breytingum á þínum gestgjafa frá því að heimsóknir/samtöl hófust?



54,5% sjálfbóðaliðanna töldu sig sjá/greina jákvæðar breytingar á gestgjafa sínum frá því þeir hófu að heimsækja eða hringja í hann.

Spurningalistinn var einnig sendur á u.þ.b. 170 gestgjafa en svörunin var mun minni eða um 15%. Gera má ráð fyrir að svörunin hafi verið þetta lítil þar sem fáir gestgjafar eru með netfang. Könnunin var í þremur hlutum, bakgrunnur, nýting á öðrum úrræðum og mat á þjónustu Rauða krossins.


Menntunarstig sjálfbóðaliða




Um 64% sjálfbóðaliðanna eru með háskólagráðu.




Vinaverkefni, frh.



Finnst þér vinaverkefnið hafa dregið úr einmanaleika og/eða einangrun þinni?



Aldur gestgjafa



Meirihluti gestgjafa eru konur og dreifðist aldur þeirra sem svöruðu nokkuð jafnt. Fæstir þeirra sem svöruðu taka þátt í félagslegum úrræðum á vegum þess sveitarfélags sem þeir búa í.

73% þeirra sem svöruðu töldu að félagsverkefnið drægi úr einmanaleika þeirra eða einangrun. Nánari niðurstöður eru að finna hjá verkefnastjórum verkefnisins.

Sýnileiki verkefnis og samstarf

Lagt var upp úr því að kynna verkefnið á árinu og voru kynningar haldnar í félagsmiðstöðvum hjá eldri borgurum, í samfélagshúsi og hjá Janus endurhæfingu svo eitthvað sé nefnt. Á þessum kynningum voru bæði hlutverk sjálfbóðaliðans og getsgjafans kynnt. Kynning á verkefninu er mikilvæg til að tryggja umræðu um félagslega einangrun og alvarlegar afleiðingar hennar á líf og heilsu einstaklinga. Einnig til að skapa traust til verkefnisins, fjármagn og áhrif til að vaxa og ná góðum árangri.

Á hverju hausti kynnir Rauði krossinn verkefnið í sjálfbóðaliðaaáfangi HÍ, þar sem flestir nemendur eru í félagsráðgjöf. Í ár sóttu þrír nemendur um

„Ég „eignaðist“ ömmu sem mér þykir mjög vænt um.
Þetta gefur mér mikið“

Sjálfbóðaliði í félagslegum verkefnum



Vinaverkefni, frh.

„I feel better now and I am trying to understand culture of Iceland better“

Gestgjafi í heimsóknarvinum

að verða sjálfboðaliði í verkefninu, hver með tvo gestgjafa, og hafa þeir hlotið mikið hrós frá gestgjöfum sínum.

Á árinu var farið í samstarf við FAMOS, félag aldraðra í Mosfellsbæ. Haldið var námskeið fyrir sjálfboðaliða úr þeirra röðum og munu þeir sinna gestgjöfum úr Mosfellsbæ. Skoðað var samstarf við félagsstarf eldri borgara í Reykjavík og er það mál enn í vinnslu. Samstarf við Samtökin 78 hófst líka á árinu og samstarf við Janus var skoðað. Einnig var samstarf við félag ungra mæðra til skoðunar en Ungar mæður er nýtt félag sem hefur það að markmiði að styðja við ungar mæður og rjúfa einangrun.

Félagsverkefnin tóku þátt í smáhundadögum í október og tóku þátt í geðheilsudögum á Instagram í sama mánuði. Sjálfboðaliðar og starfsmaður fóru á ráðstefnu Æfingastöðvarinnar Dýr í starfi með fólki í Reykjadal á haustmánuðum.

Verkefnastjórar funduðu tvisvar sinnum á árinu með öðrum Rauða kross deildum á Norðurlöndum. Fyrri fundurinn var á Teams en sá seinni var haldinn í Helsinki. Á fundinn mættu verkefnastjórar frá Danmörku, Færeyjum, Íslandi og Finnlandi. Þar var áhersla á verkefni með ungu fólki og sjálfboðaliðastörf, sjálfboðaliðastörf í gegnum netið og í dreifbýli. Þar var hægt að deila reynslu og þekkingu til að auka árangur verkefnisins og auka skilning á fjölbreyttum leiðum til þess.



Jónína sjálfboðaliði og Mustapha gestgjafi á heimili hans.



Vinaverkefni, frh.



Birna og hundurinn Sanna með gestgjafa sínum.

„Mjög gott að fá heimsókn og spjalla um heima og geima“

Gestgjafi í heimsóknarvinum

Á árinu voru haldnir fjórir sjálfbóðaliðahittingar þar sem farið var yfir stöðu mála og sjálfbóðaliðar fengu tækifæri til að hittast og spjalla. Það voru haldin átta nýliðanámskeið og tvö hundanámskeið ásamt öðrum fræðslum fyrir sjálfbóðaliða en það er mikilvægt að sjálfbóðaliðar fá verkfæri og þekkingu til að takast á við verkefni sín af öryggi.

Félagslegu verkefni hafa vaxið mikið á árinu en verkefni voru mikið í fjölmiðlum í lok árs í tilefni af 100 ára afmæli Rauða krossins. Skrifaðar voru greinar, þáttur um verkefnið í Ísland í dag á Stöð 2 og viðtal á Bylgjunni. Einnig var tekið þátt í Torginu á RÚV í þætti um einmanaleika. Umræðan jók bæði áhuga á verkefnum og vitund um mikilvægi félagslegrar heilsu fyrir okkur öll.

„Gefandi að fá að kynnst annarri manneskju sem hefði að öllum líkindum ekki orðið á vegi manns annars“

Sjálfbóðaliði í félagsverkefnum



AÐSTOÐ EFTIR AFPLÁNUN

Að losna úr afplánun án stuðnings getur verið afar þungt og getur aukið á jaðarsetningu og niðurbrot. Verkefnið Aðstoð eftir afplánun snýr að stuðning fyrir einstaklinga sem eru í afplánun eða eru að losna úr afplánun þar sem unnið er út frá mannréttinda sjónarmiðum og hugsjónum um mannúð, óhlutdrægni og virðingu fyrir mannlegri reisn. Samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna á hver einstaklingur rétt á heilbrigðisþjónustu, félagslegum stuðningi og virðingu og því er þetta verkefni hluti af því að tryggja að þessi hópur fái tækifæri til að endurbyggja líf sitt og minnka líkur á endurkomu í fangelsi.

Með stuðning er hægt að aðstoða einstakling við að efla getu til að takast á við þær áskoranir sem verða á vegi þeirra, styrkja til sjálfshjálpar og tryggja aðgengi að þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á og þurfa. Að styðja við einstaklinga eftir afplánun er mikilvægur hluti af því að skapa réttlátara samfélag sem vinnur að endurhæfingu og skilning frekar en refsingu. Verkefnastjóri ásamt sjálfboðaliða fer einu sinni í mánuði í fangelsin Litla hraun, Sogn og Hólmsheiði til að efla tengsl við hópinn, mynda traust og kynna verkefnið. Samráð við hópinn er mikilvægur þáttur í verkefninu og nauðsynlegt að tryggja að einstaklingarnir með reynsluna séu virkir þátttakendur í þróun og uppbyggingu verkefnisins.

Það er sjálfboðaliði í verkefninu sem sér um að heimsækja Kvíabryggju einu sinni í mánuði með sama tilgang en það er ótrúlega mikilvægt að það eru öflugir sjálfboðaliðar um allt land. Eftirfylgd í verkefninu, með það markmið að viðhalda betur tengslum við sjálfboðaliða og þátttakendur er í höndum verkefnastjóra og sjálfboðaliða sem er búsettur á Akureyri. Það hefur sýnt sig að það er mikilvægt að styðja vel við þátttakendur og sjálfboðaliða til að koma í veg fyrir brottfall.

Verkefnið hefur verið vinsælt og því vantar sjaldan sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að skuldbinda sig í 1 ár og styðja við einstakling sem er í afplánun



25

VIRKIR SJÁLFBODALIÐAR ERU Í VERKEFNINU Í HINUM ÝMSU HLUTVERKUM

eða er að koma úr afplánun. Sjálfboðaliðar í verkefninu eru 25 talsins í dag í hinum ýmsu hlutverkum og á þessu ári bárust 18 umsóknir um þátttöku í verkefnið og hafa 6 þátttakendur náð að klára allt tímabilið sbr. 1 ár. Hver og einn sem sækir um stuðning í verkefnið og nær að nýta sér það til jákvæðra breytinga er sigur, því stuðningur hefur sýnt fram á að draga úr líkum á endurkomu í fangelsin og jafnrétti til tækifæra.



9

VIRK PÖR ERU Í VERKEFNINU



Aðstoð eftir afplánun, frh.

Fangelsiskerfið er að mestu lagt upp fyrir karlmennt en eins eru konur í minnihluta sem getur leitt til færri tækifæra og meiri einangrun. Í september bættist við konukvöld á Hólmsheiði en það verkefni miðar að því að styðja við konur í afplánun. Þangað mæta tveir sjálfboðaliðar alla þriðjudaga í fjórar klukkustundir og bjóða upp á mismunandi iðju til þess að stuðla að velferð, félagslegri þátttöku, veita sálfélagslegan stuðning og hvetja til virkni. Átta manna sjálfboðaliðahópur ásamt verkefnastjóra sjá um utanumhald og að manna vaktir á konukvöldum. Dagskráin er unnin í samráði við konurnar sem eru að nýta sér konukvöldin en það er mikilvægt að þær hafi áhrif á þjónustuna og byggist hún á samvinnu.

Verkefnið er afar þarft til þess að styrkja þátttakendur, efla þeirra samskipti og draga úr einangrun. Verkefnið stendur á góðum grunni og er þakklátt fyrir gott samstarf t.d. við Fangelsismálastofnun, Afstöðu, Bjargráð o.fl. sem er lykillinn að góðum árangri og vonin er að gera enn betur á næsta ári með það markmið að draga úr endurkomutíðni og jaðarsetningu.



18

UMSÓKNIR BÁRUST UM ÞÁTTTÖKU Í VERKEFNINU



6

ÞÁTTTAKENDUR KLÁRUÐU HEILT ÁR Á ÞESSU ÁRI

Hvernig er að vera sjálfboðaliði í Aðstoð eftir afplánun?

Hvers vegna ert þú sjálfboðaliði í verkefninu?

Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á að aðstoða börn og fullorðna og þá sérstaklega þá sem ekki falla inn í svokallaðan „normal“ ramma sem þjóðfélagið setur, hver svo sem hann er. Var alltaf að skoða síðu Rauða krossins og sótti námskeið um hælisneytendur en rak svo augun í verkefnið; Aðstoð eftir afplánun og þar var þetta komið, þetta langaði mig að gera. Var viss um að ég hafði eitthvað fram að færa og þar sem komið var að lokum í starfinu mínu sem skólastjóri, sótti ég um. Ég hef alltaf verið í einhvers konar sjálfboðaliðastarfi og finnst það mjög mikilvægt, þ.e. að gefa af sér til annara.

Hvað finnst þér þú hafa lært af því að taka þátt í verkefninu?

Þetta verkefni gefur mér gott í hjartað. Þakklæti, traust og kærleikur er mér ofarlega í huga. Að fá að kynnast einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn, sem eru þakklátir fyrir okkur þegar við



Aðstoð eftir afplánun, frh.

mætum til þeirra og sýna það, það gefur gott í hjartað. Það að fá að kynnst stöðu þessara einstaklinga og að geta tekið þátt í líðan þeirra, bæði gleði og sorgum. Að geta aðstoðað eins og hægt er. Mjög oft felst aðstoðin í hlustun og nærveru sem er afar mikilvæg. Ég hlakka til í hvert skipti sem ég fer á staðinn og kem alltaf betri út eftir hittinga okkar. Þetta er andleg næring og gerir mig að betri einstaklingi.

Myndir þú mæla með því að gerast sjálfboðaliði? Ef já, hvers vegna?

Já ekki spurning. Það hafa allir gott af því að gefa af sér, það er nærandi og það að gefa af mann-gæsku sinni er mikilvægt og hún nærir á þakklætinu sem kemur til baka.

Ef þú ættir að lýsa verkefninu með einu orði, hvað myndi það vera?

Lærdómsríkt og kærleiksríkt.

Björk Jónsdóttir



Björk Jónsdóttir sjálfboðaliði.

KVENNADEILDIN

Halldóra Ásgeirsdóttir



Kvennadeildin í heimsókn á Bessastöðum.

Þrátt fyrir að húsnæði Rauða krossins flutti tíma-
bundið í Víkurhvarf hittist þrjónahópurinn á
hverjum fimmtudegi kl. 13 - 15 yfir vetrartímann.
Mesta vinna hópsins er sem fyrr sú sem unnin er
heima við. Handverkið er selt á jólabasar deild-
arinnar en auk þess er mikið selt í sölubúðum
okkar allt árið. Salan jókst aftur á milli ára. Þá
fáum við oft þrjónavörur frá konum, sem eru ekki
í deildinni, en vilja styrkja starfið.

**KVENNADEILD REYKJAVÍKUR-
DEILDAR RAUÐA KROSS ÍSLANDS
VAR STOFNUÐ**

ÁRIÐ 1966

**AF STÓRHUGA KONUM OG ER
ÞAÐ GRUNNURINN AÐ STARFI
DEILDARINNAR Í DAG.**



Kvennadeildin, frh.

Sjálfbóðaliðar sjá um afgreiðslu í sölubúðum okkar 2 eða 3 tíma á dag. Sumir hafa fastar vaktir hálfsmánaðarlega eða oftar. Aðrir taka aukavaktir og leysa af þegar á þarf að halda.

Sölubúðin á Landspítalanum í Fossvogi er opin kl. 9-18 virka daga, og kl. 10-16 um helgar.

Sölubúðin á Landspítalanum á Hringbraut er aðeins opin kl. 9-16 virka daga, þar sem aðalinnangurinn er hvorki opin eftir þann tíma né um helgar.

Deildin er með sjálfssala á spítölunum, á Kvennadeild Landspítans og á Grensásdeild, suma í samvinnu við Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

Í byrjun ársins var ágóða af Jólabasarnum 2023 og af sölu minningarkorta afhentur til verkefnisins Frú Ragnheiður - skaðaminnkun.

Þá var hluta af ágóða af rekstri sölubúða deildarinnar notaður til að að veita Öldrunda-deild Landspítalans á Landakoti og Hjarta- og lungna-skurðeild LSH styrki.



80

SJÁLFBÓÐALIÐAR ERU U.P.B. Í KVENNADEILDinni

Jólabasarinn 2024 var venju samkvæmt haldinn í nóvember. Vegna framkvæmda í Efstaleitinu, var hann að þessu sinni haldinn í Safnaðarheimili Óháða safnaðarins, þökk sé sr. Pétri Þorsteinsyni. Þar voru auk handverks seldar tertur og annað meðlæti.

Eins og áður hittust sjálfbóðaliðar á aðalfundi deildarinnar, en auk þess í sumarferð deildarinnar, á haustfundi og jólagleði. Ánægjulegt er hvað margir sjálfbóðaliðar mæta á þessa viðburði.

FÖT SEM FRAMLAG

Þrjónahópur í Mosfellsbæ



Í hópnum „Föt sem framlag“ í Mosfellsbæ starfa 15 konur.

Við hittumst í húsnæði Rauðakrossins í Þverholti 7 á miðvikudögum kl 13 – 16 og eru oftast 10-12 mættar. Nú er húsnæðið selt og við munum framvegis hittast í Brúarlandi húsnæði eldri borgara í Mosfellsbæ.

Þetta er þéttur og skemmtilegur hópur sem þrjónar, heklar, spjallar og fær kaffi.

Við framleiðum ullarföt, peysur, sokka, vettlinga, húfur, trefla, legghlífar og smávegis fyrir börn, en flest allar þrjónavörurnar fara beint til Frú Ragnheiðar.

Efni í þetta fáum við hjá fataflokkun Rauða krossins og við tökum glaðar á móti afgangi garni frá fólki sem veit af starfi okkar.

Við vorum mjög heppnar á árinu þar sem við fengum gefins mikinn Fjallalopa sem var tilraunaverkefni Ístex. Og gátum framleitt mikið af peysum.

Einstöku sinnum sinnum kaupum við lopa hjá Ístex.

Við látum líka smávegis á basar Rauða krossins.

Einnig saumum við innkaupapoka úr afgangsefni frá fataflokkun Rauða krossins sem hafa selst vel í Mosfellsbakaríi.

Stjórn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu

Fanney Birna Jónsdóttir - formaður
Margrét Gauja Magnúsdóttir - varaformaður
Sveinbjörn Finnsson - gjaldkeri
Svanhildur Konráðsdóttir - meðstjórnandi
Helga Sif Friðjónsdóttir - meðstjórnandi
Jón Ásgeirsson - meðstjórnandi
Indriði Þróstur Gunnlaugsson - meðstjórnandi
Þorsteinn Sürmeli - meðstjórnandi
Guðfinna Guðmundsdóttir - meðstjórnandi
Þorsteinn Jónsson - varamaður
Orri Gunnarsson - varamaður
Ali Tahseen Ali Ali - varamaður

Stjórn Kvennadeildar Rauða krossins

Halldóra Ásgeirsdóttir - formaður
Laufey Kristjónsdóttir - varaformaður
Sigrún Jónsdóttir - gjaldkeri stjórnar
Guðrún Kristinsdóttir - ritari
Vala Rós Ingvarsdóttir - meðstjórnandi
Eygló Dóra Garðarsdóttir - meðstjórnandi
Elínborg Einarsson - meðstjórnandi
Særún Albertsdóttir - varamaður
Sigurrós Kristjánsdóttir - varamaður
Svandís Hauksdóttir - varamaður

Starfsfólk Rauða krossins

Ósk Sigurðardóttir deildarstjóri

Starfsfólk Skaðaminnkunar

Aníta Runólfsson - bakvaktir Frú Ragnheiður - í leyfi
Birta Líf Bjarkadóttir - hjúkrunarfræðingur Ylja
Eva Dögg Þórsdóttir - verkefnastjóri Ylja
Hafrún Elísa - teymisstjóri skaðaminnkunar - í leyfi
Helga Margrét Gísladóttir - hjúkrunarfræðingur Ylja
Helgi Seljan Jóhannsson - tímastarfsmaður Ylja
Hjördís Ylfa Stefánsdóttir - hjúkrunarfræðingur Ylja
Hrafnhildur Kjartansdóttir - hjúkrunarfræðingur Ylja
Ingibjörg Gunnarsdóttir - tímastarfsmaður og hjúkrunarfræðingur Ylja
Jónína Bogadóttir - ábyrgur hjúkrunarfræðingur skaðaminnkunar
Margrét Dís Yeoman - tímastarfsmaður og hjúkrunarfræðingur Ylja
Sigríður Ella Jónsdóttir - teymsstjóri skaðaminnkunar
Sigurbjörg Birgisdóttir - bakvaktir Frú Ragnheiður
Sólveig Gísladóttir - verkefnastjóri Frú Ragnheiður

Svala Dís Sigurðardóttir - verkefnastjóri Ylja
Thelma Rós Sigurðardóttir - tímastarfsmaður Ylja
Þórhildur Margrét Þórðardóttir - tímastarfsmaður og hjúkrunarfræðingur Ylja
Þórir Hall Stefánsson - verkefnastjóri Frú Ragnheiður

Starf með Fólki á flóttu

Caterina D'onofrio - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Hildur Ýr Jónsdóttir - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Karla Johnson - verkefnastjóri InterAct í málefnum flóttafólks
Lilja Guðmundsdóttir - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Sausan Kassam - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Guðrún Brynjólfsdóttir - teymisstjóri í málefnum flóttafólks
Tabitha Rose Jonsson - verkefnastjóri í málefnum flóttafólks
Tinna Eyfjörð - verkefnafulltrúi - hér og svo í liðnum lauk störfum á árinu
Þorsteinn Valdimarsson - verkefnastjóri í málefnum flóttafólks
Iryna Hordiienko - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Jordi Cortes - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Lina Haidar Hatem - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Mohammad Raheem - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Natalia Stolyarova - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Úlfhildur Ólafsdóttir - verkefnastjóri í málefnum flóttafólks
Þorbjörg Margrét Guðnadóttir - verkefnastjóri í málefnum flóttafólks
Carolina Martín García - ESC sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks
Noelia Zapata - ESC sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks
Valeriia Kiianovskaia - ESC sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks
Mia Kendall - Taith sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks

Starf í félagsverkefnum

Alda Björk Harðardóttir - verkefnafulltrúi í félagsverkefnum
Guðrún Svava Viðarsdóttir - verkefnastjóri í félags verkefnum
Tinna Eyberg Örlygsdóttir - verkefnastjóri í Aðstoð eftir afplánun

Starfskonur Kvennadeildar

Sonja Kristín Sverrisdóttir - verslunarstjóri verslunar á Landspítala í Fossvogi
Guðrún Jósafatsdóttir - verslunarstjóri verslun Landspítala við Hringbraut

Stjórn Rauða krossins þakkar eftirtöldu starfsfólki sem lét af störfum á árinu

Jordi Cortes - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
Sólveig Gísladóttir - verkefnastjóri Frú Ragnheiður
Noelia Zapata - ESC sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks

Hönnun og umbrot: Argh! Ágústa Ragnarsdóttir